

Panellakk glært

Vörulýsing

Flügger Natural Wood panellakk er glært lakk sem er sett á ljósar viðarþiljur. Þegar lakkið er komið á hrindir flöturinn frá sér óhreinindum og þolir léttu hreingerningu. Lakkið er mjólkurhvítt á meðan það er blautt en þegar það þornar myndar það fallega, hálfmatta filmu sem er vart greinanleg og gulnar ekki



- Myndar fallega, hálfmatta filmu sem er vart greinanleg og gulnar ekki

Notkunarmöguleikar

Hentar vel á ljósar paníklæðningar á veggjum eða loftum, t.d. úr furu eða greni. Myndar filmu sem ver viðinn gegn óhreinindum og gulnun. Hentar vel á ómeðhöndlaðan við, lakkaðan við eða við sem hefur verið bæsaður. Hentar ekki þar sem gerð er krafa um mjög slitsterkt yfirborð eða þar sem búast má við beinu vatnsálagi.

Meðhöndlun

Undirlagið þarf að vera hreint, þurr og traust. Nýjan við þarf að hreinsa til að tryggja að yfirborðið sé rykfrítt. Slípið yfir bletti og kvisti. Paníklæðningin þarf að vera þurr / rakahlutfallið í réttu hlutfalli við það umhverfi sem klæðningin er í áður en meðhöndlun með Flügger Natural Wood Panelhvít hefst. Tryggja þarf að viður sem áður hefur verið bæsaður eða lakkaður sé hreinn fyrir meðhöndlun. Fleti sem hafa verið útsettir fyrir nikótíni og sóti þarf að hreinsa mjög vandlega, og þrifa á eftir með hreinu vatni. Að því loknu þarf að tryggja að viðurinn fái tíma til að þorna vel þannig að rakahlutfallið sé í lagi áður en málað er. Mattslípið gljáandi fleti fyrir meðhöndlun. Hrærið efninu vel, bæði fyrir notkun og á meðan notkun stendur. Penslið efninu langsum eftir klæðningunni. Málið 1-2 panilborð í einu til að lágmarka hættu á penslaförum og tryggja að áferðin verði sem jöfnust. Ef efninu er borið á í fleiri en einni umferð þá er mælt með að slípa létt með fínum sandpappír á milli umferða. Fjarlægjið slípyrk þannig að flöturinn sé rykfrír áður en hafist er handa við næstu umferð.

Ábendingar

Lakkið mest 2 umferðir sama daginn.

Athugið!

ATH. Þegar panilborð og líkir hlutir eru málaðir má búast við, að með tímanum komi í ljós ómálaður viður. Ástæðan fyrir þessu er að viðurinn dregst saman og þenst út við hita- og rakabreytingar, t.d. á veturna þegar loftraki er lítill.

Geymsla: Geymist á köldum en frostlausum stað. Gætið þess að umbúðirnar séu vandlega lokaðar.

Tæknilegar upplýsingar

Vara	[9]
Gljái	20;Hálfmatt
Eðlisþyngd (kg/l)	1.04
Þurrefnisinnihald vigt %	21
Þurrefnisinnihald rúmmál %	19
Efnisnotkun (m ² /ltr.)	15
Lágm. vinnuhitastig við notkun og þornun/hörðun	Min. +5°C
Þurrktími við 20°C, 60% RH (Tímar)	1
Fullharðnað Þurrktími við 20°C, 60% RF	4
Fullharðnað Þurrktími við 20°C, 60% RF	28
Þynning	Á ekki að þynna
Þrif á verkfærum o.s.frv.	Vatn

Núverandi TDS útgáfa

júlí 2022

Í staðinn fyrir TDS útgáfu

desember 2021